


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>MYL 504</b> <b>Kennsluáætlun haust 2012</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

**Kennari** Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is, Viðtalstími: Miðvikuudaga 10:45–11:25

### Áfangalýsing

Lokaverkefni þessa áfanga er málverk, unnið með akríllitum. Megin áhersla er lögð á ferlið frá hugmynd að málverki: frumdrög, rannsókn, formrænt þróunarferli, litur, málverk. Hvernig þróast hugmynd, hvernig verður málverk til? Myndefni er sótt í umhverfi, bæði utan húss og innan. Nemendur spreyta sig á að byggja upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Engin leið er sjálfgefin, niðurstaða fæst einungis með tilraunum og verður því markvissari sem fleiri möguleikar hafa verið kannaðir, bæði hugmyndalega og tæknilega. Umræður á öllum stigum ferlisins um verk nemenda innan hópsins og einstaklingslega.

### Kjarnahugtök

Umhverfi, úti, inni, sjónarhorn, myndefni, myndbygging, myndmál, form, litur, skissa, úrvinnsla, teikning, málverk, hugmyndaþróun, persónuleg afstaða.


### Markmið

Nemandi:

- auki reynslu slína í að leita myndefnis í umhverfi sínu
- reyni mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt
- tengi formræna framsetningu við inntak verka sinna
- sýni persónulega afstöðu í vali myndefnis og úrvinslu
- þroski myndræna skynjun sína með aukinni reynslu og öguðum vinnubjögðum
- geti unnið eftir rökrænu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru, frá frumskissu að niðurstöðu
- venjist því að leita stöðugt fleiri leiða til að styrkja myndefni sitt
- geti unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði
- greini samhengi við áður fengna þekkingu og yfirfæri reynslu úr fyrri áföngum á vinnu sína,
- rökstyðji niðurstöður sínar með tilvísun til faglegrar þekkingar
- leiti sér heimilda sem að gagni geta komið
- meðhöndli þau efni og áhöld sem notuð eru við gerð málverka
- yfirfæri og þróa áfram niðurstöður sínar úr skissuvinnuferli í málverk
- fjalli um eigin verk og annarra á upplýstan og greinagóðan hátt og geri grein fyrir forsedum álits síns

### Áætlun um yfirferð

1. Kynning og viðtöl (1 vika)
  2. Efnisöflun og hugmyndavinna (3 vikur)
  3. Útfærsla og tilraunir (4 vikur)
  4. Málverk (5 vikur)
  5. Frágangur og yfirferð (1 vika)
- Vikuskipting er til viðmiðunar. Nemendur verða samferða í byrjun en vinna svo sjálfstætt hvert að sínu verki.
  - Nemendur útbúa og flytja stutta kynningu á einum listamanni um miðbik annar.
  - Nemendur halda allri vinnu til haga, skissum, ljósmyndum, teikningum, dagbókarfærslum o.fl....sem þeir skila í lok annar ásamt fullunnu málverki.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>MYL 504</b>	
Síða 2 af 2	<b>Kennsluáætlun haust 2012</b>	

### Námsmat

Próflaus áfangi. Nemendur vinna sjálfsmat. Hugmyndavinna og vinnuferli 45%. Verk nemenda, afrakstur, skissur, tilraunir og fullunnin verk 40%. Þátttaka í umræðum og umfjöllun um listamann, 10%. Mætingar gilda 5%, mætingaskylda 100%.

Til grundvallar matinu er annars vegar skilningur, sköpun, innsæi, frumleiki og gagnrýnin hugsun. Hinsvegar verkleg færni, framfarir, virðisauki, framkvæmd, opinn hugur og ögrun.

### Verkfæri og efni

Dagbók, skissubók, (myndavél)

Blýantar, kol, trélitir, litkrít, glærur ofl.

Ýmsar pappírstegundir, strigi, lím, grunnur, blindrammi

Akríllitir, íblöndunarefni, penslar, sköfur

Mappa eða einhverskonar geymsla fyrir alla vinnu

-Það sem er undirstrikað þurfa nemendur að útvega sjálfir.



Með fyrirvara um breytingar.

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar



Raqib Shaw: "I dance with my paintings and I dance to the music that comes from the madness of the heart."

*Gangi ykkur vel*

Dagsetning:

---